



## FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ 2. FUNDUR Á VORÖNN 2016 MIÐVIKUDAGINN 27. JANÚAR KL.13:15

### 1. Bréf o.fl. erindi.

#### A. Umsóknir um leyfi: (sjá minnisblað)

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

#### B. Umsóknir um mat á íþróttum (sjá minnisblað)

Vísað til kennslustjóra í íþróttum til afgreiðslu

#### C. Önnur bréf

- Nemandi sækir um undanþágu frá stærðfræði og stærðfræðitengdum áföngum til stúdentsprófs (sjá minnisblað)
  - Vísað til kennslustjóra í stærðfræði til umsagnar
- Staðfesting skólameistara á undanþágu í stafsetningu (3 nemendur – sjá minnisblað)

### 2. Félagslíf og fjármál NFFG

- Farið var yfir helstu nýliðna atburði og þá sem framundan eru.
- Söngkeppnin tókst vel. Þórkatla Haraldsdóttir sigraði keppnina og keppir fyrir hönd skólans í söngkeppni framhaldsskólanna sem verður haldin í lok mars.
- Gettu betur lið skólans er komið í sjónvarpskeppnina. Næsti andstæðingur er MR en sú keppni fer fram 5.febrúar n.k. Nemendur eru hvattir til að styðja vel við bakið á keppnisliði skólans.
- Atburðadagatal NFFG er komið á heimasíðu skólans.
- Barnalaugin verður n.k. föstudag.
- Skíðaferð verður 2.-4.mars.
- Fjármálastjóri NFFG lagði fram fjárhagsáætlun vegna fyrirhugaðar árshátíðar. Ýmsar athugasemdir komu fram og var ákveðið að áætlunin yrði tekin til endurskoðunar og rædd aftur á næsta fundi.

#### Fundinn sátu:

Anna Guðrún Hugadóttir náms- og starfsráðgjafi  
Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari  
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri  
Páll Maris Pálsson forseti NFFG  
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi

Snjólaug Elín Bjarnadóttir áfangastjóri  
Snædís Snæbjörnsdóttir fulltrúi kennara  
Sverrir Bartolozzi fjármálastjóri NFFG  
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi  
Unnur Símonardóttir náms- og starfsráðgjafi